

**Ed.**

**594. Frumvarp til laga**

[87. mál]

um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal endurgreiða hluta af verðtolti og vörumagnstolti, sem lagður var á tilbúin timburhús, sem innflutt voru frá Svíþjóð á árunum 1945, 1946 og 1947. Skal endurgreiðslan miðast við það, að verðtollur, sem ríkið fær af húsunum, sé 10%, en vörumagnstollur 2 aurar á kg.

2. gr.

Þeir, sem eru eigendur húsanna, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fá tollendurgreiðsluna.

3. gr.

Ríkissjóður skal endurgreiða innflutningstoll af öllum vélbátum, sem fluttir voru til landsins á árunum 1945, 1946 og 1947.

4. gr.

Ríkissjóður skal bæta upp tap á smíði þeirra báta, sem smíðaðir voru innanlands á vegum ríkissjóðs á árunum 1945, 1946 og 1947.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.